



24. febrúar 2007

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Umsögn um frummatsskýrslu vegna Norðausturvegar til Vopnarfjaðar

Undirrituð hefur kynt sér aðsend gögn með bréfi dags. 1.2.2007.

Eftirfarandi eru ábendingar og aths. sem undirrituð telur rétt að koma á framfæri. Númer vísa til kaflanúmera í frummatsskýrslunni.

1.10 Leyfisleitendur.

Ánægjulegt er að sjá ítarlega upptalningu á atriðum sem heilbrigðiseftirlit vinnur starfsleyfi fyrir og snerta framkvæmdina.

Á Austurlandi hefur orðið nokkur þróun í jákvæða átt, m.a. í tengslum við álversframkvæmdir, þannig að verkkaupar ganga stífar eftir að verktakar afli tilskilinna leyfa áður en framkvæmdir hefjast. Hér með er vakin athygli á þessu atriði og hvatt til eftirbreytni, enda er í einhverjum tilfellum hægt að fyrirbyggja óæskilegar uppkomur með fræðslu áður en ráðist er í verk.

6.6.5 og 6.11.5 Aðgerðir á framkvæmdatíma

Í báðum þessum köflum er komið inn á hættu á mengun í nánd við viðkvæm vatnasvæði, þ.e. laxveiðiár og vatnsból. Fram kemur að Vegagerðin muni fara fram á að öll tæki séu yfirfarin og tryggt að engir lekar séu úr þeim. Heilbrigðiseftirlit veitir starfsleyfi fyrir malar- og grjótnámi og ber að viðhafa sérstakt eftirlit þegar unnið er á vatnsverndarsvæðum. Vegna þessa hefur HAUST útbúið starfsreglur fyrir verktaka þar sem innið er á vatnsverndarsvæðum. Ekki þykir óeðlilegt að HAUST geri kröfur um að farið verði að svipuðum starfsreglum þar sem unnið er nálægt verðmætum laxveiðiám.

6.11 Vatnavar og vatnsverndarsvæði

Það er mat undirritaðrar að vel sé gerð grein fyrir þeim vatnsbólum sem liggja innan áhrifasvæða vegagerðarinnar, þ.e. vatnsbóla við Búastaði og Hof.

Undirrituð vill þó minna á kafla í greinargerð Þórólfs H. Hafstað um vatnsból Búastaða, þar sem segir *"Ef á hinn bóginn verður þarna eitthvert slys, eins og til dæmis að olía lekur niður, þarf fyrirfram að vera til áætlun um hvernig bregðast skuli við því."*

Annað

Vesturdalsleið um Búastaði, Leið 1b, liggur á bökkum Nýpslóns, að því er virðist neðan núverandi sorpurðunarstaðar Vopnfirðinga. Í skýrslunni virðist ekki fjallað um þetta atriði.

Norðan við núverandi urðunarstað hefur mikið verið urðað af málmum og ýmsu dóti. Á þeim tíma var lítið eftirlit með því að spilliefni væru flokkuð frá öðrum grófum úrgangi. Sunnan við núverandi urðunarsvæði urðaði Kaupfélag Vopnfirðinga sláturúrgang í mög ár. Ekki hefur verið kannað eða mælt hvort metangas losnar frá staðnum.

Það er mat undirritaðrar að nauðsynlegt sé að meta veglínu á umræddu svæði vel m.a. m.t.t eftirfarandi þátta:

- Er hugsanlegt að veglínan liggji um svæði sem þegar hefur verið urðað í ?
- Er hugsanlegt að svæðið sem veglínan liggur um sé þegar mengað af sigvatni frá urðunarstað?
- Verður sjónlína frá nýju vegstæði á núverandi urðunarstað?
- Þarf hugsanlega að finna nýjan urðunarstað fyrir Vopnafjarðarhrepp ef umrædd veglína verður valin og ef hún liggur innan áhrifasvæðis núverandi sorpurðunarstaðar?

Það er mat undirritaðrar að ef vegur væri nú þegar þar sem hann er teiknaður og leitað væri að urðunarstað fyrir úrgang þá yrði ekki sátt um að urða úrgang þar sem urðunarstaðurinn er núna. Því vakna spurningar um hvort þetta fari saman, urðunarstaður fyrir úrgang og fjölfarinn vegur.

Annað ekki.

Virðingarfyllst,

Helga Hreinsdóttir
heilbrigðisfulltrúi

Sent í tölvupósti til toroddur@skipulag.is og frida@skipulag.is